

---

## Hólasandslína 3

### Ákvörðun um matsáætlun

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 21. ágúst 2017 barst Skipulagsstofnun tillaga Landsnets að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar lagningar Hólasandslínu 3, um Akureyrarkaupstað, Eyjafjarðarsveit, Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepp, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 3.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Isavia, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Skógræktarinnar og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Hólasandslína 3, 220 kV raflína frá Akureyri að Hólasandi. Tillaga að matsáætlun. Landsnet, ágúst 2017.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Akureyrarkaupstað með bréfi dags. 19. september 2017
- Eyjafjarðarsveit með tölvubréfi dags. 14. september 2017
- Þingeyjarsveit með bréfi dags. 14. september 2017
- Skútustaðahreppi með bréfi dags. 3. október 2017
- Ferðamálastofu með bréfi dags. 1. september 2017
- Fiskistofu með bréfi dags. 21. september 2017
- Hafrannsóknastofnun með tölvubréfi dags. 6. október 2017
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 19. september 2017
- Isavia með bréfi dags. 19. september 2017
- Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 13. september 2017
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 12. september 2017
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 19. september 2017
- Orkustofnun með bréfi dags. 14. september 2017
- Skógræktinni með bréfi dags. 13. september 2017
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. september 2017

Athugasemdir við tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Sverri Friðrikssyni með tölvubréfi dags. 14. september 2017
- Ábúendum á Grjótárgerði með tölvubréfi dags. 14. september 2017
- Náttúruverndarsamtökum Íslands með tölvubréfi dags. 14. september 2017
- Erni Þorvaldssyni með tölvubréfi dags. 14. september 2017
- Jóni Arasyni með tölvubréfi dags. 14. september 2017
- Landvernd með tölvubréfi dags. 15. september 2017
- Eigendum Ljósstaða með bréfi dags. 13. september 2017



- Ábúendum á Syðra-Hóli og Syðra Hóli II með tölvubréfi dags. 5. september 2017
- Ábúendum á Kotungstöðum með tölvubréfi dags. 8. september 2017
- Landeigendum Syðra-Hóls III með tölvubréfi dags. 12. september 2017

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 17. október 2017 og tölvubréfi dags. 4. janúar 2018.

### 3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

#### Tengsl jarðstrengskafla á Hólasandslínu 3 við jarðstrengskafla á Kröflulínu 3 og Blöndulínu 3

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að m.t.t. tæknilegra takmarkana geti hámarks lengd jarðstrengs á Hólasandslínu 3 verið u.þ.b. 12 km. Verði flutningskerfið styrkt sitt hvoru megin við Hólasandslínu 3 með loftlínunum (milli Fljótsdalsstöðvar og Kröfluvirkjunar annars vegar og Blönduvirkjunar og Rangárvalla hins vegar), verði flutningskerfið á Norðurlandi sterkara og skammhlaupsaflið aukist.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samspili hámarksvegalengdar jarðstrengs á Hólasandslínu 3 við þær vegalengdir sem unnt er að leggja línu í jörðu annars vegar á Kröflulínu 3 og hins vegar á Blöndulínu 3.

#### Valkostir

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi sérstaklega grein fyrir þeim möguleikum við lagningu Hólasandslínu 3 sem felist í því að leggja aðrar háspennulínur á sama svæði í jörðu.

Í svörum Landsnets kemur fram að með tilkomu nýrra 220 kV flutningslína á Norðurlandi opnast möguleikar á því að leggja núverandi 132 kV línu (Kröflulínu 1) að hluta í jörðu til mótvægis. Umfang mögulegra jarðstrengslagna í hverri línu fyrir sig ráðist að verulegu leyti af innbyrðis samspili línanna, þ.e. jarðstrengur í einni línu dragi úr mögulegri lengd jarðstrengs í annarri línu vegna innbyrðis rýmdaráhrifa.

Skipulagsstofnun bendir á að upplýsingar um að lagning jarðstrengs í flutningskerfi með 132 Kv spennu takmarki lengd jarðstrengs í 220 Kv kerfinu hafa ekki komið fram fyrr svo að stofnuninni sé kunnugt. Landsnet opnar fyrir þann möguleika í tillögu að matsáætlun að leggja Kröflulínu 1 í jörðu á tilteknum köflum til mótvægis en skv. þessu er þá enn dregið úr mögulegri jarðstrengslengd á línuleið Hólasandslínu 3.

Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir þessu samspili og takmörknum á lagningu lína í jörðu í mismunandi flutningskerfum. Meðal annars þurfa að koma fram upplýsingar í skýrslunni á hvað löngum kafla væri hægt að leggja Kröflulínu 1 í jörðu ef nýtt er svigrúm til að leggja 12 km jarðstreng á Hólasandslínu 3.

#### Niðurrif Laxárlínu 1

Í tillögu að matsáætlun eru borin saman hugsanleg áhrif á helstu umhverfisþætti sem hlotist gætu af lagningu Hólasandslínu 3 samhliða Kröflulínu 1 („Kröflulínuleið“) annars vegar og ef farið væri samhliða Laxárlínu 1 („Laxárlínuleið“) hins vegar. Niðurstaða Landsnets af þessum samanburði er að leggja ekki fram þann valkost að leggja Hólasandslínu 3 samhliða Laxárlínu 1 í mati á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3. Rök Landsnets eru m.a þau að niðurrifi Laxárlínu 1 fylgi sá ávinningur að á stórum kafla í alfaraleið muni endurheimtast að nýju svæði þar sem nú er loftlína með þeim kvöðum og sjónrænu áhrifum sem henni fylgja. Að mati Landsnets hafi þetta meira vægi en aukin, staðbundin áhrif þess að leggja Hólasandslínu 3 samhliða Kröflulínu 1.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram það mat að eðlilegra væri að ræða um þann kost að Hólasandslína 3 fylgi Laxárlínu 1, hvernig svo sem útfærslan sé, í matsferlinu. Þó að fram hafi farið ákveðin úrvinnsla um það hvaða kosti eigi að meta og hverja ekki við gerð matsáætlunar



Þá megi vera augljóst að þegar um verndarsvæði er að ræða sé eðlilegt að fjalla um kosti og galla við val á leiðum, ekki síst allt sem flokka má sem mat á áhrifum á náttúru friðlýstra svæða, í sjálfu matinu.

Í athugasemdum hafa einnig komið fram ábendingar um að fjalla beri um og leggja mat á ofangreinda línuleið fyrir Hólasandslínu 3.

Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um áætlanir sem liggja fyrir um niðurrif Laxárlínu 1 þar sem slíkar aðgerðir eru settar fram sem rök gegn því að skoða þann kost í matsferlinu að leggja Hólasandslínu 3 samsíða Laxárlínu 1. Skipulagsstofnun telur jafnframt tilefni til að gera grein fyrir þeim samanburðarkosti í frummatsskýrslu sem felst í lagningu Hólasandslínu 3 meðfram Laxárlínu 1.

### **Vegir**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að yfirborðsbreidd vinnuslóða verði eftir aðstæðum á bilinu 3,5-4,5 metrar auk fláa.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að til að draga verulega úr allri slóðagerð sé ástæða til að fjalla um notkun tækja (flutningstæki, viðgerðarbíla) sem eru sérstaklega hönnuð til að raska ekki náttúrunni og hægt er að nota við verstu aðstæður til flutninga og viðgerða þegar þess er þörf.

Í svörum Landsnets kemur fram að fyrirtækið muni við útfærslu framkvæmdarinnar og þar með talið vinnuslóða skoða landform, jarðveg og gróðurþekju og á grundvelli þess greina þau svæði á línuleiðinni sem helst eru viðkvæm með tilliti til slóðagerðar og á þeim svæðum skoða hvaða aðrar leiðir en hefðbundin slóðagerð eru mögulegar til að komast að línustæði á framkvæmda- og rekstartíma. Þá kemur fram í svörum Landsnets við athugasemdum Landverndar við drög að matsáætlun að fyrirtækið hafi ákveðið að skoða í umhverfismatinu hvort unnt sé að beita vinnuáferðum sem minnki þörf á reisingarplani og aðkomuslóð að mastrastæðum á viðkvæmum svæðum þar sem óæskilegt sé að raska yfirborði, m.a. verði skoðað hversu raunhæft sé að nota þylur við vinnuna.

Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um heildarbreidd svæða sem raskast að meðaltali vegna veglagningar. Þá þurfa að koma fram upplýsingar um heildarumfang raskaðs svæðis vegna loftlínu- og hliðarslóða annars vegar og jarðstrengs hins vegar á sambærilegum kafla.

Auk þess þurfa að koma fram rökstuddar niðurstöður athugana um aðra möguleika en lagningu vega til að komast að línustæði á framkvæmda- og rekstartíma og vinnuáferðir á viðkvæmum svæðum, m.a. með notkun þylra.

### **Útivist og ferðapjónusta**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar hafi unnið úttekt á áhrifum á ferðamennsku og útivist árið 2012 og hafi jafnframt safnað gögnum um ferðamennsku á svæðinu síðan þá. Einnig hafi verið gerðar viðbótarkannanir sumarið 2016.

Ferðamálastofa hefur í umsögn sinni bent á að hröð þróun ferðapjónustunnar undanfarin sjö ár geri að verkum að rannsóknargrunnur frá 2012 geti verið úreltur og mikilvægt sé að notast við nýjustu gögn sem bjóðist en ef þau eru ekki til staðar þurfi að standa að nauðsynlegum athugunum, mælingum eða talningum. Bendir Ferðamálastofa á athuganir sem stofnunin telur þurfa og að fjölga þurfi matsspurningum miðað við það sem gert er ráð fyrir.

Í svörum tekur Landsnet undir að æskilegt sé að notast við nýleg gögn þegar verið er að skoða umhverfisþætti sem geta verið breytilegir í tíma. Einkum verði því notast við gögn sem aflað var á árunum 2016 og 2017 en eldri gögn verði einnig notuð til að varpa ljósi á þróun undanfarinna ára. Landsnet hyggist ráðast í þær athuganir sem Ferðamálastofa bendir á m.a. könnun meðal veiðfélaga auk þess að fjölga matsspurningum.



Skipulagsstofnun vekur athygli á að svo virðist sem flestum könnunum sem leggja á til grundvallar mati á áhrifum á útivist og ferðamennsku sé lokið. Stofnunin tekur undir þær tillögur um aðferðir og matsspurningar sem Ferðamálastofa hefur sett fram. Bæta þarf við fyrirbyggjandi rannsóknir í samræmi við þær og gera grein fyrir niðurstöðum í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðu mats á áhrifum Hólasandslínu 3 á útivist og ferðaþjónustu. Slíkt mat þarf að byggja á könnunum og rannsóknum meðal ferðaþjónustuaðila, íbúa og ferðamanna. Annars vegar spurningakönnunum til að afla upplýsinga um ferðir fólks, áfangastaði, dvalarstaði og viðkomustaði og um viðhorf ferðamanna, ferðaþjónustuaðila og íbúa til framkvæmda. Hins vegar ítarlegri viðtalskönnunum meðal aðila í ferðaþjónustu á svæðinu, íbúa/eigenda sumarhúsa og innlendra og erlendra ferðamanna sem leið eiga um svæðið. Gera þarf ráð fyrir að í könnunum meðal fyrrnefndra aðila verði könnuð upplifun þessara aðila á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og mat þeirra á gildi þess. Í könnunum þarf að leggja til grundvallar skýr myndræn gögn sem sýna áætlaðar breytingar á ásýnd með tilkomu fyrirhugaðra framkvæmda frá vel völdum sjónarhornum. Slík myndræn gögn þarf jafnframt að birta í frummatsskýrslu.

### **Mótvægisáðgerðir vegna gróðurrasks**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á vegna áhrifa á gróður og verði áhersla lögð á að meta bein áhrif, þ.e. rask vegna framkvæmdarinnar, á gróður.

Í umsögn Landgræðslu ríkisins kemur fram að stofnunin telur að ekki sé reiknað með eðlilegum mótvægisáðgerðum vegna raskaðs gróðurs og jarðvegs, þ.e. með uppgræðslu svæða í stað þeirra sem raskað er. Landgræðslan telur eðlilegt að í stað 1 ha sem er raskað séu græddir upp 3 í staðinn. Mikilvægt sé að gera ráð fyrir vöktun þar til bærra aðila þar til raskaða svæðið teljist sjálfbært, bæði hvað varðar votlendis- og þurrlandissvæði.

Í frummatsskýrslu þarf að gera nákvæma grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna gróðurrasks bæði hvað varðar endurheimt votlendis- og þurrlandisvistkerfa og gera grein fyrir umfangi rasks sem einstök gróðurlendi verða fyrir.

### **Vöktun**

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

## **4 NIÐURSTAÐA**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landsnets að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum:

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samspili hámarksvegalengdar jarðstrengs á Hólasandslínu 3 við þær vegalengdir sem unnt er að leggja línu í jörðu annars vegar á Kröflulínu 3 og hins vegar á Blöndulínu 3.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir þessu samspili og takmörknum á lagningu lína í jörðu í mismunandi flutningskerfum. Meðal annars þurfa að koma fram upplýsingar í skýrslunni á hvað löngum kafla væri hægt að leggja Kröflulínu 1 í jörðu ef nýtt er svigrúm til að leggja 12 km jarðstreng á Hólasandslínu 3.
3. Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um áætlanir sem liggja fyrir um niðurrif Laxarlínu 1 þar sem slíkar áðgerðir eru settar fram sem rök gegn því að skoða þann kost í



matsferlinu að leggja Hólasandslínu 3 samsíða Laxárlínu 1. Skipulagsstofnun telur tilefni til að gera grein fyrir þeim samburðarkosti í frummatsskýrslu sem felst í lagningu Hólasandslínu 3 meðfram Laxárlínu 1.

4. Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um heildarbreidd svæða sem raskast að meðaltali vegna veglagningar. Þá þurfa að koma fram upplýsingar um heildarumfang raskaðs svæðis vegna loftlínu- og hliðarslóða annars vegar og jarðstrengs hins vegar á sambærilegum kafla.

Auk þess þurfa að koma fram rökstuddar niðurstöður athugana um aðra möguleika en lagningu vega til að komast að línustæði á framkvæmda- og rekstrartíma og vinnuaðferðir á viðkvæmum svæðum, m.a. með notkun þyrla.

5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðu mats á áhrifum Hólasandslínu 3 á útivist og ferðaþjónustu. Slíkt mat þarf að byggja á könnunum og rannsóknum meðal ferðaþjónustuaðila, íbúa og ferðamanna. Annars vegar spurningakönnunum til að afla upplýsinga um ferðir fólks, áfangastaði, dvalarstaði og viðkomustaði og um viðhorf ferðamanna, ferðaþjónustuaðila og íbúa til framkvæmda. Hins vegar ítarlegri viðtalskönnunum meðal aðila í ferðaþjónustu á svæðinu, íbúa/eigenda sumarhúsa og innlendra og erlendra ferðamanna sem leið eiga um svæðið. Gera þarf ráð fyrir að í könnunum meðal fyrrnefndra aðila verði könnuð upplifun þessara aðila á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda og mat þeirra á gildi þess. Í könnunum þarf að leggja til grundvallar skýr myndræn gögn sem sýna áætlaðar breytingar á ásýnd með tilkomu fyrirhugaðra framkvæmda frá vel völdum sjónarhornum. Slík myndræn gögn þarf jafnframt að birta í frummatsskýrslu.
6. Í frummatsskýrslu þarf að gera nákvæma grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna gróðurrasks bæði hvað varðar endurheimt votlendis- og þurrlendisvistkerfa og gera grein fyrir umfangi rasks sem einstök gróðurlendi verða fyrir.
7. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 5. janúar 2018

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Jakob Gunnarsson